

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
07. júní 2016	
_____	
Tilv.	_____

Kópavogsbær  
Skipulagsstjóri/skipulagsnefnd  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. maí 2016  
UST201604-154/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Bláfjöll/Húsnæðismál skíðagöngufólks á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.**

Við er til erindis skipulagsstjóra Kópavogs og skipulagsnefndar Kópavogs er barst 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um erindi gönguskíðafélagsins Ulls er varða húsnæðis- og hreinlætismál gönguskíðafólks. Erindinu fylgir svar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

Fram kemur í svari frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis að þar sem ekki hafa farið fram fullnægjandi mótvægisáðgerðir til að lágmarka mengunarhættu vegna umferðar í Bláfjöllum sem er skilyrði fyrir nýframkvæmdum, skv. III kafla samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar o.s.frv., þá séu þær því ekki heimilar.

Að mati Umhverfisstofnunar felur starfsemi Ulls í sér heilsusamlegt íþrótt- og útivistarstarf.

Umhverfisstofnun tekur undir með heilbrigðiseftirliti og fellst á þá lausn að staðsett verði gámaeining fyrir salernisaðstöðu. Einnig tekur stofnunin undir að skolptankur einingarinnar verði tæmdur eftir þörfum og af aðila sem hefur til þess réttindi.

Virðingarfyllt

*Kristín S. Jónsdóttir*

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Þórdís V. Bragadóttir*

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur